

LAND



pósturinn

FRÉTTABRÉF FÉLAGS LANDFRÆÐINGA

16.árg. 1. tbl, apríl 2004

Abm.: Hjalti J. Guðmundsson, Félag landfræðinga, Pósthólf 5391, 125 Reykjavík

**Vorráðstefna Landfræðinga 2004**

Þann 12. mars sl. var haldinn, að venju, Vorráðstefna Félags landfræðinga. Dagskráin var fjölbreytt að vanda en um 50 manns skráðu sig. Það er mesta þátttaka á þessa ráðstefnu síðan hún hóf göngu sína árið 2002. Miðað við þessa þátttöku og fjölda erinda sem okkur barst eru settar frekari stoðir undir ráðstefnuna. Nú er lag að efla aðra starfsemi félagsins svo sem Landfræðidaginn. Stjórnin vill þakka þessi góðu viðbrögð sem vonandi halda áfram næstu árin enda er mikilvægt að landfræðingar, sem aðrir, hafi árlega ráðstefnu þar sem þeir geta komið á framfæri hvað er að gerast í margbrotnum heimi fræðigreinarinnar.

Hér á eftir fer ávarp formanns við upphaf Vorráðstefnunar.

Ágætu ráðstefnugestir!

Verið velkomin á þessa 3. Vorráðstefnu Félags landfræðinga hér á Hótel Loftleiðum.

Líkt og fyrr er dagskráin fjölbreytt og gefur án efa einhverja innsýn í störf landfræðinga um þessar mundir. Sú nýbreytni hefur litið dagsins ljós að hafa Vorráðstefnuna á vinnudegi. Þetta er gert til þess að trekkja fleiri á ráðstefnuna og sýnist mér það ætla að ganga eftir. Það var tilfinning stjórnarinnar að margir hefðu viljað koma á fyrri ráðstefnur félagsins en ekki séð sér fært á því vegna verka annars staðar á laugardegi – sem er auðvitað frídagur hjá flestum okkar. Því var brugðið á það ráð að hafa ráðstefnuna á föstudegi í hálfan dag en vonandi á næstu árum skapast rými fyrir heils dags ráðstefnu líkt og hjá mörgum öðrum fagfélögum háskólamenntaðra. Í haust var einnig ákveðið að halda svonefndan landfræðidag í fyrsta sinn. Við ákváðum að tileinka hann nemum í landfræði og hvaða möguleika þeir ættu til starf við hæfi í framtíðinni. Það er skemmst frá því að segja að mikil þátttaka nemenda var á þessum fundi og augljóst að þetta efni er nálægt landfræðinemum og nýútskrifuðum landfræðingum sem að líkum lætur. Landfræðingar hafa að mínu viti skapað sér sess sem faghópur á ýmsum sviðum samfélagslegra og náttúrufræðilegra viðfangsefna og eru störf þeirra fjölbreytt nú sem fyrr. Á þessum fundi var m.a. rætt um nauðsyn framhaldsmenntunar á eftir fyrsta háskólaprófi enda hafa verið meiningar um að kröfurnar hjá atvinnulífinu séu þær að slíkt nám sé nauðsynlegt. Sitt sýnist hverjum. Niðurstaða stjórnar Félags landfræðinga af þessari litlu naflaskoðun er sú að B.Sc. gráða í landfræði sé enn góð grunngráða, en það fari eftir væntingum námsmanna og atvinnuveitenda hvort það dugi til að komast í gott starf. Háskóli Íslands hefur lagt aukna áherslu á aðferðafræði landfræðinnar og framhaldsnám.

Hvað varðar atvinnurekendur er gerð aukin krafa um meistaraþróf, sérstaklega þar

sem krafist er frumkvæðis ef um stjórnunarstöður er að ræða.

Stjórn Félags Landfræðinga hyggst auðvitað taka ráðleggingum fundarins um að efla vefsíðuna og samskipti félagsins út á við, og á sama tíma halda áfram að festa í sessi árlega „landfræðilega viðburði“ eins og einhverskonar sameiginlegan skemmtanaviðburð, Vorráðstefnuna og landfræðidaginn, auk smærri fræðslufunda eftir því sem tækifæri gefast. En stundum þarf að hafa nokkra þolinmæði að byggja upp slíkt starf, sérstaklega þar sem fjárhagi félagsins er sniðinn þröngur stakkur.

Á næsta ári gerist sá merki atburður að 150 ár eru síðan Dr. Þorvaldur Thoroddsen, landfræðingur, fæddist. Í lok síðasta árs var hið merka grundvallarrit hans, Lýsing Íslands, endurútgefið og því upplagt tilefni að huga að minningu þessa merka fræðimanns. Guðrún Ólafsdóttir mun hér á eftir fjalla um Þorvald og verk hans. Það er því við hæfi að Félag Landfræðinga minnst þessa viðburðar með einhverjum hætti á næsta ári – en meira um það síðar. Annars vil ég hvetja alla félagsmenn til þess að lesa Lýsingu Íslands sem það hafa ekki gert. Þetta er mjög merk bók og ber vitni glöggs vísindamanns og rannsakanda.

Á næstu vikum mun Landabréfið, fræðirit Landfræðinga, koma út. Stjórn félagsins hefur ákveðið að dreifa því til þeirra aðila sem hafa borgað árgjald félagsins enda er dýrt að gefa ritið út og dreifa því og ljóst að félagið stendur varla undir slíku nema með þessum hætti. Reyndar mætti rukka sérstaklega fyrir tímaritið en það er ekki talið heppilegt í tilfelli Landabréfsins miðað við fjölda þeirra sem greiða árgjaldið. Fjárhagur félagsins grundvallast á félagsgjöldum en líkt og fyrri ár borgar ekki nema tæplega helmingur félagsmanna árgjaldið. Þegar svo er komið takmarkar það mikið starfsemi félagsins, m.a. útgáfustarfsemina, þannig að við verðum að velja þessa leið til þess að standa undir útgjöldum. Við viljum því enn og aftur hvetja alla félagsmenn að greiða árgjaldið og taka þar með virkan þátt í starfsemi félagsins.

Nú hefur loksins nýtt Náttúrufræðihús risið og fengið nafnið Askja. Ég vil óska öllum þeim aðilum sem þangað flytja til hamingju með nýja húsið með von um að það eigi eftir að efla starf þeirra deilda sem þar koma saman.

Ákveðið hefur verið að halda aðalfund félagsins miðvikudaginn 31. mars nk. Við óskum eftir áhugafólki í stjórn félagsins en okkur kemur til með að vanta tvo stjórnarmeðlimi. Við viljum því hvetja þá sem hafa áhuga á að taka þátt í starfi félagsins að gefa sig fram við okkur. Fundurinn verður auglýstur nánar síðar.

Að lokum vona ég að þið hafið gaman af þessari ráðstefnu og segi hana hér með setta.

Takk fyrir

Hjalti J. Guðmundsson  
Formaður FL.

### **Aðalfundur Félags landfræðinga 2004**

Aðalfundur Félags landfræðinga árið 2004 verður haldinn í **Öskju, nýju náttúrufræðihúsi HÍ, miðvikudaginn 31. mars nk k. 20:00**. Á dagskrá er venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins sem má finna á [www.umvefur.is/land](http://www.umvefur.is/land). Á fundinum verða kosnir 2 nýjir fulltrúar í stjórn.

Lýst er eftir áhugasömum einstaklingum í skemmtilegt og uppbyggjandi starf í þágu landfræðinga. Mörg spennandi verkefni eru framundan svo sem að minnast Dr. Þorvaldar Thoroddsen á næsta ári en síðan má ekki gleyma að félagið verður 20 ára árið 2006 en þá mun félagið standa fyrir veglegri afmælisveislu ef að líkum lætur.

### **Árgjaldið fyrir 2004**

Ágætu félagsmenn. Í félaginu eru rúmlega 200 félagsmenn og nauðsynlegt að allir greiði félagsgjöld til að félagið standi undir væntingum félagsmanna. Starfsemin eflist og möguleikarnir aukast eftir því sem fleiri taka þátt. Við viljum minna ykkur á að greiða félagsgjaldið sem fyrst, kr. 2.000, en námsmenn greiða kr. 1.000. Auðveldast er að greiða með netbanka. Bankanúmerið okkar er 0303-26-10835 hjá KB banka, Laugavegi 120 (Austurbæjarútibú). Kennitala félagsins er 650188-1289.